



Bátur strandar og sekkur

Mál nr: **2025-021-S012 Svanur HF 20**

Dagsetning: **20. maí 2025**

Staðsetning: **Hafnargarðurinn á Rifi**

Atvik: **Strandar og sekkur**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 20. maí 2025 kl. 04:00 barst Landhelgisgæslunni tilkynning um að strandveiðibáturinn Svanur væri strandaður á norðanverðum hafnargarðinum við innsiglinguna á Rifi. Veður: ládautt og svartapoka.

1. Helstu staðreyndir

Svanur HF 20

Skipaskrár. nr. 7008

Útgerð: CSR ehf.

Smíðaður: Bátasmiðja
Guðmundar

Stærð: 7,62 BT

Mesta lengd: 9,2 m

Breidd: 3 m

Vél: CUMMINS 187 kW 2008

Fjöldi skipverja: 1



2. Atvikalýsing

Svanur HF 20 lagði af stað úr höfninni á Rifi kl 04:00. Mikil þoka var þessa nótt og skyggni afar lítið. Samkvæmt skipstjóra notaði hann siglingatölvu bátsins sem siglingatæki auk þess að horfa út um glugga. Hann sigldi á handstýri út úr höfninni og jók ferðina í 18 hnúta. Bátinum var þvínæst beygt til norðvesturs meðfram hafnargarðinum. Skipstjórinn skipti yfir á sjálfstýringu og fór að vinna í tölvu sem hann var með. Í bátinum var seguláttaviti sem var tengdur sjálfstýringunni. Skipstjórinn tók ekki eftir því að báturinn beygði til bakborða og upp í hafnargarðinn. Samkvæmt útreikningum leið minna en hálf mínúta frá því Svanur beygði þar til hann strandaði.

Skipstjóri kastaðist á stýrishjólið þegar báturinn lenti á hafnargarðinum og fékk minni háttar áverka.

Smyrill ÞH 57 kom fyrstur að Svani og lét Landhelgisgæsluna vita að hann væri að sökkva. Björgunarskipið Björg var komið að Svani kl. 04:16 en þá var báturinn sokkinn. Á mynd 1 sést strandstaður Svans.



Mynd 1. Strandstaður Svans

3. Niðurstöður og greining

Svani HF 20 var beygt til norðvesturs fljótlega eftir að honum hafði verið siglt út úr hafnarmynni á mikilli ferð. Það var svartapoka og lítið skyggni. Mikil ferð nálægt landi eykur hættu á strandi.

4. Mikilvæg ábending

Skipstjórar hraðskreiðra báta ættu að gæta þess að sigla hæfilega langt frá innsiglingu áður en sett er á sjálfstýringu.

Lokaskýrsla samþykkt þann 16. mars 2026

Guðmundur Freyr Úlfarsson, Pálmi Jónsson, Jón Finnbjörnsson, Hilmar Snorrason, Hjörtur Emilsson,
Geirprúður Alfreðsdóttir

F.h. RNSA

Jón Pétursson rannsóknarstjóri siglingasviðs

